

Miðvikudaginn 13. júní 1990.

Nr. 76/1990.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Halldóri Halldórssyni

(Sigurður H. Guðjónsson hrl.).

Tolllagabrot. Fyrning. Uptaka. Vítur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. febrúar sl. að ósk ákærða.

I.

Ákært er út af tolllagabroti, en upplýst er í málinu, að við komu bv. Ögra, RE-72, til Reykjavíkur 13. janúar 1985 frá Cuxhaven fundu tollverðir plötuspilara af gerðinni Philips CD104 og 16 hljóm-plötur í herbergi ákærða um borð í skipinu. Varninginn hafði ákærði keypt í Cuxhaven. Varningsins hafði ekki verið getið í skrá skipshafnar um tollskyldar vörur.

Dómur var kveðinn upp í máli þessu í sakadómi Reykjavíkur 17. apríl 1986. Með dómi Hæstaréttar 8. desember 1986 var sá dómur ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Ríkissaksóknari sendi sakadómi dóm Hæstaréttar og öll frumskjöl málsins með bréfi 10. s.m. Málið er þó ekki tekið upp að nýju í sakadómi fyrr en 6. júlí 1989, og er þá ákæra endurbirt ákærða, honum kynntur ómerkingardómur Hæstaréttar og reynt að taka af honum skýrslu. Skýrslur eru síðan teknar af vitnum 17. nóvember s.á. og málið dómtekið og dæmt að nýju.

Fallast má á það með héraðsdómara, að ákærði hafi framið þann verknað, sem honum er gefin sök á í ákæru. Rúm tvö ár og sjö mánuðir liðu frá dómi Hæstaréttar 8. desember 1986 og þar til meðferð málsins fyrir sakadómi Reykjavíkur hófst að nýju 6. júlí 1989. Sök ákærða er því fyrnd samkvæmt 5. mgr. 82. gr. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. tl. 1. mgr. 81. gr. sömu laga, en ekkert bendir

til, að ákærði hafi komið sér undan rannsókn þann tíma. Ber því að sýkna ákærða af refsikröfu ákæruvalds. Hins vegar ber að staðfesta dóm héraðsdóms um upptöku varningsins, þar sem sú krafa ákæruvalds er ekki fyrnd samkvæmt þriðja málslíð 6. mgr. 82. gr. hegningarlaga.

Þar sem ákærði er sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins, er rétt, að allur sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

Meðferð máls þessa dróst mjög á langinn í sakadómi Reykjavíkur, eins og að framan greinir. Dráttur þessi hefur ekki verið réttlættur. Verður ekki hjá því komist að víta meðferð málsins í sakadómi, sbr. 188. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Halldórsson, skal sýkn af refsikröfu ákæruvaldsins í máli þessu.

Plötuspilari af gerðinni Philips CD104 og 16 geisladiskar eru gerðir upptækir í ríkissjóð.

Allur sakarkostnaður, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Sigurðar Helga Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. nóvember 1989.

Ár 1989, föstudaginn 17. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 567/1989: Ákæruvaldið gegn Halldóri Halldórssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 30. desember 1985, á hendur Halldóri Halldórssyni, Sólvallagötu 19, Reykjavík, fæddum 18. júní 1949 í Reykjavík, „fyrir tolllagabrot, með því að hafa við komu bv. Ögra RE-72 til Reykjavíkur 13. janúar 1985 frá Cuxhaven smyglað hingað til lands með skipinu plötuspilara af gerðinni Philips CD104 og 16 hljómplötum, sem ákærði keypti í Cuxhaven. Varninginn fundu tollverðir í herbergi ákærða um borð í skipinu eftir komu þess til hafnar í greint skipti.

Telst þetta varða við 1. mgr. 60. gr., sbr. 1. mgr. 61. gr. og 71. gr., laga um tollheimtu og tollfirtirlit nr. 59, 1969, sbr. 2. gr. laga nr. 71, 1976, sbr. 9. gr. laga nr. 46, 1984, sbr. 1. og 6. gr. reglugerðar nr. 482, 1984.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á framangreindum plötuspilara og hljómplötum samkvæmt heimild í 1. mgr. 72. gr. laga um tollheimtu og tollfirtirlit“.

Hinn 17. apríl 1986 var ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi, sem í ákæru greinir. Var honum í dóminum gert að greiða kr. 42.000 í sekt og að sæta upptöku á þeim varningi, sem frá er greint í ákærunni. Ákærði áfrýjaði dóminum, og með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 8. desember 1986 var héraðsdómurinn ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Málavextir.

Sunnudaginn 13. janúar 1985 kom b/v Ögri, RE-72, til Reykjavíkur úr sölufurð frá Cuxhaven í Vestur-Þýskalandi. Við tollafgreiðslu skipsins fundu tollverðir plötuspilara af gerðinni Philips CD-104 og 16 svokallaða geisladiska í herbergi ákærða, sem var 2. stýrimaður. Lögðu þeir hald á varninginn og fluttu í tollbúð.

Daginn eftir gaf ákærði skýrslu hjá rannsóknardeild tollgæslunnar. Hann kvaðst vera eigandi að plötuspilara þeim, sem tollverðir lögðu hald á í herbergi hans um borð í b/v Ögra daginn áður, svo og 16 hljómplötum, sem þar fundust. Kvaðst ákærði hafa keypt varning þennan í Cuxhaven, en mundi ekki, hve mikið hann greiddi fyrir varninginn.

Ákærði sagði, að hljómplöturnar hefðu legið á borði í herbergi hans, þegar tollskoðun fór fram, og hefðu tollverðirnir, sem skoðuðu í herbergi hans, eða a.m.k. annar þeirra, skoðað plöturnar. Varðandi plötuspilarann sagði ákærði, að hann hefði verið skorðaður af í bekk í herbergi hans.

Er ákærði var að því spurður, hvort hann hefði skýrt tollvörðum frá varningnum, kvaðst hann ekki hafa gert það, enda ekki um hann spurður. Einnig var hann spurður að því, hvort hann hefði ætlað að smygla varningi þessum til landsins, en þeirri spurningu neitaði ákærði að svara.

Ákærða var boðið að ljúka málinu með dómsátt hinn 13. nóvember 1985, en því hafnaði hann.

Ögjörningur hefur reynst að fá ákærða til að tjá sig um sakarefnið fyrir dómi.

Fram hafa farið vitnayfirheyrslur í málinu fyrir dóminum. Þrír tollverðir, sem voru yfirheyrðir, mundu ekki eftir málinu, en sá fjórði, vitnið Ólafur Þórðarson tollvörður, kvaðst hins vegar muna eftir því. Hann kvað plötuspilara hafa verið undir bekk í herbergi ákærða og þar hafi hljómplöturnar

einnig verið í plastpoka. Kvaðst vitnið sérstaklega muna eftir þessu sökum þess, að hann hafi aldrei áður séð slíkar hljómplötur. Hafi varningur þessi fundist við leit í herberginu, eftir að ákærði hafði verið spurður um, hvort hann hefði tollskyldan varning meðferðis.

Er vitninu var kynntur sá framburður ákærða, að hljómplöturnar hafi verið á borði í herbergi hans, svaraði hann því svo, að hann minnti, að svo hafi ekki verið, þótt hann teldi ekki útilokað, að ákærði hefði rétt fyrir sér. Þá kvað vitnið ekki hafa þurft að taka dýnu úr bekknum til að finna varninginn, en hann hafi að mati vitnisins verið illa falinn. Ákærði hafi ekki tekið því illa, er lagt var hald á varninginn, og minnti vitnið, að ákærði hafi spurt, hvort þeir ætluðu virkilega að taka varninginn af sér.

Sævin Bjarnason tók skýrslu af ákærða hjá rannsóknardeild tollgæslu hinn 14. janúar 1985, og Brynjólfur Karlsson var viðstaddur skýrslutökuna sem vottur. Þeir hafa báðir komið fyrir dóminn til skýrslugjafar.

Vitnið Sævin Bjarnason skýrði svo frá, að hann myndi eftir málinu, fyrst og fremst vegna þess, að sá, sem hann var að yfirheyra, hafi neitað að undirrita skýrsluna, enda myndi hann ekki eftir öðru tilviki af því tagi. Sá, sem yfirheyrður var, hafi hins vegar svarað greiðlega þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar. Hafi maðurinn verið yfirheyrður fyrir meint tolllagabrot. Honum hafi í upphafi yfirheyrslu verið sýnd frumskýrsla tollgæslu, en að svo búnu hafi hann verið yfirheyrður um málavexti. Sagði vitnið, að hinn yfirheyrða hafi greint á við tollgæslumenn um málsatvik og að hann hafi skráð svör við þeim spurningum, sem hinn yfirheyrði svaraði. Vitnið kvað yfirheyrsluna hafa farið fram í viðurvist vitundarvotts.

Vitnið kvaðst standa við það, sem frá væri greint í framburðarskýrslunni, og kannaðist jafnframt við nafnritun sína undir skýrsluna.

Vitnið Brynjólfur Karlsson skýrði svo frá, að hann myndi eftir málinu, einkanlega vegna þess að sá, sem verið var að yfirheyra, hafi neitað að undirrita framburðarskýrsluna, en slíkt sé afar óvenjulegt. Yfirheyrandi hafi verið Sævin Bjarnason, þáverandi deildarstjóri rannsóknardeildar tollgæslunnar.

Vitnið kvaðst hafa verið inni í herberginu hjá deildarstjóranum, meðan yfirheyrslan fór fram, en kvaðst þó ekki geta greint frá efni yfirheyrslunnar í neinum smáatriðum. Hinn yfirheyrði hafi þó svarað þeim spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, en sem fyrr segir, myndi hann ekki nú, um hvaða varning málið snerist.

Vitnið staðfesti, að efni framburðarskýrslunnar væri rétt. Jafnframt kannaðist vitnið við nafnritun sína sem vitundarvotts að yfirheyrslunni á skýrslunni.

Niðurstaða.

Eins og gögn málsins bera með sér, hefur ákærði reynst tregur til að tjá sig um sakarefnið. Hann hefur þó greint nokkuð frá málavöxtum í skýrslunni, sem hann gaf hjá rannsóknardeild tollgæslunnar, en neitaði að undirrita. Vitnin Sævin Bjarnason og Brynjólfur Karlsson hafa staðfest fyrir dómi efni skýrslunnar og greint nokkuð frá, hvernig skýrslugjöf var háttað.

Við dómsmeðferð málsins hefur reynst með öllu ógjörlegt að yfirheyra ákærða um ákæruatriði. Með töku skýrslna af vitnunum Sævin Bjarnasyni og Brynjólfi Karlssyni þykja hafa verið færð fram viðhlítandi sönnunargögn fyrir sekt ákærða. Telst því með framburði þeirra og Ólafs Þórðarsonar nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru. Varðar brot ákærða við 123. gr., 124. gr. og 135. gr. tolllaga nr. 55, 1987, sbr. 1. og 6. gr. reglugerðar nr. 363/1988, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 390/1989, sbr. áður þau refsíákvæði, sem tilgreind eru í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann á árinu 1965 undir dómsátt fyrir umferðarlagabrot.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 35.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 14 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Eins og krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 1. mgr. 136. gr. laga nr. 55, 1987, sbr. áður 1. mgr. 72. gr. laga nr. 59, 1969, ber að gera upptækan til ríkissjóðs Philips CD104 geislaspilara og 16 geisladiska.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu sakarkostnaðar.

Dráttur sá, sem orðið hefur á meðferð málsins, verður ekki réttlættur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Halldór Halldórsson, greiði kr. 35.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 14 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á plötuspilara af gerðinni Philips CD104 og 16 geisladiskum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.